



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 11. október 2021  
VEL2021010040

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

### ***Tillaga varðandi nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu***

Á fundi velferðarráðs þann 6. október sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu. Samþykkt hefur verið að veita velferðarsviði aukna fjárheimild sem nemur alls 36 m.kr. á árinu 2022 vegna nýrra reglna um stuðningsþjónustu. Fjárveitingin verður nýtt í tilraunaverkefni um stuðning við einstaklinga með heilabilun.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í drögum að reglum þessum endurspeglast sú sýn Reykjavíkurborgar sem kemur fram í stefnu um málefni eldri borgara 2018-2022 að eldri borgarar eigi að ráða sér sjálfir og að öll aðstoð skuli taka mið af því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og lifa því lífi sem það kys. Mat á stuðningsþörf fer ætíð fram í samvinnu við umsækjanda. Í nýjum reglum er fjallað um mikilvægi velferðartækni og þjálfun endurhæfingarteymis í heimahúsum ásamt aðstoð viðbragðsteymis. Þjónustan á að felast í því að virkja og styrkja notendur til að vera virkir við stjórnvölinn í eigin lífi eins lengi og mögulegt er. Lögð er áhersla á að einfalda alla umsýslu varðandi umsóknir og þjónustuveitingu. Samhliða reglum um stuðningsþjónustu er lögð fram tillaga að sérstöku þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur einstaklingum með heilabilun þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima og er það einnig í samræmi við gildandi stefnu um málefni eldri borgara.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þjónusta við eldra fólk er annars vegar praktísk og hins vegar sálfélagslegur stuðningur eins og fulltrúi Flokks fólksins sér að það verði að vera. Fulltrúi Flokks fólksins vill að

allt sé gert til að hjálpa fólki að vera heima eins lengi og hægt er. Fjölga þarf þjónustubáttum og dýpka aðra til að auka líkur á heimaveru sem lengst. Einnig að bjóða upp á sálfélagslegan stuðning til að draga úr líkum á einmanaleika. Tillögu um þetta frá Flokki fólksins hefur verið hafnað. Í 3. mgr. 10 gr. segir að „almennt er stuðningur samkvæmt reglum veittur í formi stuttrar viðveru.“ Meta þarf félagsskap meira að mati Flokks fólksins. Sumt fólk upplifir sig niðurlægt að þurfa að biðja um meiri félagsskap. Minnt er á að ekki allir eiga ættingja. Eins á notandi að hafa mikið um það að segja hver þjónustar hann/hana. Komið er inn á tæknilegar lausnir. En það eru ekki allir með tölvur eða net. Ný lög um Stafrænt pósthólf bjóða upp á þá hættu að kastað verði fyrir borð meginreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 því það er undir hælinn lagt hvort þessi tækni henti öllu eldra fólki. Þeir sem geta ekki nýtt hana eru að missa af, verða mögulega útundan og fá jafnvel ekki notið réttinda sinna.

Samþykkt velferðarráðs er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu regnanna í B-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu lögð fyrir fund velferðarráðs 6. október 2021.

Reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu.

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. október 2021, um nýjar reglur Reykjavíkurborgar stuðningsþjónustu.

Kostnaðarmat vegna reglna Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu.

Jafnréttisskimun.



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni tillögu:** *Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu. Samþykkt hefur verið að veita velferðarsviði aukna fjárheimild sem nemur alls 36 m.kr. á árinu 2022 vegna nýrra reglna um stuðningsþjónustu. Fjárveitingin verður nýtt í tilraunaverkefni um stuðning við einstaklinga með heilabilun.

**Greinargerð:**

Lögð eru fram drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu.

Í meðfylgjandi drögum að reglum um stuðningsþjónustu er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.-27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 3. mgr. 13. gr. um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

**Fylgiskjöl:**

1. Minnisblað um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu, dags. 6. október 2021.
2. Drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu.
3. Kostnaðarmat.
4. Jafnréttisskimun.



Lagt fyrir 410. fund velferðarráðs 6. október 2021

VEL2021010040

RÁ/bm/hjb

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir

---

**Efni:** *Reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu.*

### **I. Lagagrundvöllur**

Í meðfylgjandi drögum að reglum um stuðningsþjónustu er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, **sbr. 25.-27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.**

Í **25.-27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991** er að finna ákvæði þar sem kveðið er á um stuðningsþjónustu (áður nefnd félagsleg heimaþjónusta). Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi, sbr. 25. gr. fyrrgreindra laga. Í breytingum sem gerðar voru á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 fólst m.a. að einnig skuli veita aðstoð utan heimilis en ekki eingöngu inni á heimilinu eins og áður. Þá var sett almennt viðmið um að þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga geti numið allt að 15 klukkustundum á viku en um aukna þjónustuþörf fari samkvæmt **lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.**

Í **X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991** er kveðið á um þjónustu við aldraða þar sem fram kemur að stuðlað skuli að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf svo lengi sem verða má. Þá kemur jafnframt fram að félagsþjónusta fyrir aldraða sé fyrir hendi eftir þörfum, þ.e. heimaþjónusta, félagsráðgjöf og heimsending matar.

Í **1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999** kemur fram að heimaþjónusta skuli veitt öldruðum sem búa heima. Þjónustan skal miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.

## II. Efni reglnanna

Í reglunum endurspeglast sú sýn Reykjavíkurborgar sem kemur fram í stefnu um málefni eldri borgara 2018-2022 að eldri borgarar eigi að ráða sér sjálfir og að öll aðstoð skuli taka mið af því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og lifa því lífi sem það kýs. Lögð er áhersla á að með hugmyndafræði endurhæfingar í heimahúsum skuli stutt við getu eldri borgara til búsetu á eigin heimili þó þeir upplifi erfiðleika við athafnir daglegs lífs vegna færniskerðingar eða í kjölfar slysa og/eða veikinda. Þjónustan á að felast í því að virkja notendur og styrkja til að vera virkir þátttakendur í eigin lífi eins lengi og mögulegt er. Í stefnunni kemur jafnframt fram að bjóða þurfi upp á mismunandi valkosti í stuðningi fyrir heilabílaða og taka sérstaklega tillit til þess álags sem er á aðstandendum þeirra. Samhliða reglum um stuðningsþjónustu er lögð fram tillaga að þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur einstaklingum með heilabilun þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima. Sérstakir starfsmenn heimaþjónustu myndu veita stuðning inni á heimilinu, eitt til tvö skipti í viku, í 2-3 klukkustundir í senn, t.d. um kvöld og helgar í samræmi við þarfir heimilisins. Um leið og hinum heilabílaða einstaklingi væri veittur stuðningur myndi aðstandendum gefast kostur á að fara út af heimilinu. Með því móti væri verið að mæta þörf sem áður hefur ekki verið hægt að mæta með markvissum hætti af heimaþjónustu.

Í stefnu um velferðartækni 2018-2022 kemur fram að starfsfólk velferðarsviðs skuli með velferðartækni stuðla að því að auka sjálfstæði, öryggi og lífsgæði borgarbúa og gera þeim kleift að búa við bestu mögulegu aðstæður á heimilum sínum. Velferðartækni stuðli að því að þjónustan gangi greiðlega fyrir sig og að einfalt sé fyrir notendur og starfsfólk að nýta sér hana. Tækni eigi að auðvelda samskipti notenda, aðstandenda og starfsmanna og skjáheimsóknir eru dæmi um það.

Í meðfylgjandi drögum að reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu er kveðið á um þann stuðning sem veittur er einstaklingum, bæði innan og utan heimilis. Í 3. gr. reglnanna er að finna skilgreiningar á þeim stuðningi sem um ræðir, þ.e. stuðning við athafnir daglegs lífs og við heimilishald og til að nýta velferðartækni. Félagslegur stuðningur er veittur til að rjúfa félagslega einangrun. Heimsending matar er fyrir þá sem ekki geta annast matseld sjálfir. Jafnframt þjálfun endurhæfingarteymis í heimahúsi og aðstoð viðbragðsteymis fyrir þá sem þess þurfa. Stuðningurinn byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf. Við forgangsröðun er ætíð tekið mið af því að heilsufar notenda getur verið mismunandi og vinnulag og umfang stuðnings er í samræmi við það. Ef líkamleg, andleg og félagsleg líðan og/eða færni er með þeim hætti að notendur eru samkvæmt mati með mjög mikla stuðningsþörf geta þeir fengið daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning. Sé heilsufar með þeim hætti að þeir eru metnir með mikla stuðningsþörf geta þeir fengið leiðbeiningar, þjálfun, stuðning og eftirlit við athafnir daglegs lífs og heimilishald að minnsta kosti einu sinni í viku. Félagslegur stuðningur vegna félagslegrar einangrunar getur verið veittur innan eða utan heimilis. Ef notendur eru sjálfbjarga og hafa væga þörf fyrir stuðning getur aðstoðin verið veitt í formi leiðbeininga, þjálfunar og stuðnings við heimilishald svo sem við almenn heimilisþrif einu til tvisvar sinnum í mánuði.

Í 4. gr. reglnanna er að finna almenn skilyrði fyrir því að umsókn um stuðningsþjónustu verði samþykkt. Þá þarf umsækjandi að uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt mati á stuðningsþörf, sbr. 7. gr. reglnanna. Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda og er það framkvæmt á heimili umsækjanda. Við matið er tekið tillit til markmiða og þarfa umsækjanda, líkamlegs og andlegs heilsufars, félagslegrar virkni, styrkleika, færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs og félags- og fjölskylduaðstæðna. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta velferðartækni og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs með tilliti til nýrrar tækni. Við mat á stuðningsþörf skal einnig taka mið af mati samkvæmt viðeigandi matstækjum. Markmið stuðningsþjónustu er að þjálfa og styðja umsækjanda til að leita bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs, til þess að hann geti búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf. Þegar um er að ræða alvarleg veikindi skal stuðningurinn ætíð metinn, skipulagður og samhæður með fagaðilum heimahjúkrunar í samræmi við þarfir notanda.

Samkvæmt 8. gr. reglnanna skal útfæra samþykktan stuðning í samvinnu við umsækjanda með gerð sérstakrar stuðningsáætlunar. Stuðningur skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og árangur er metinn reglulega. Í stuðningsáætlun skal koma fram markmið notenda með stuðningi og hvernig honum skuli náð, hvaða stuðning er um að ræða, hvernig hann skuli veittur, gildistími samþykktar og fyrirkomulag á notkun lykla, ef við á.

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna um stuðningsþjónustu, raðast umsóknir í forgangsröð með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda, sbr. fylgiskjal 1 með reglunum. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist. Ef færni notanda til að sinna athöfnum daglegs lífs eða félags- og fjölskylduaðstæður breytast skal endurmeta stuðningsþörf, eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti, sbr. 13. gr. reglnanna. Þegar fyrirsjáanlegt er að þörf fyrir stuðning verði langvarandi, skal fara fram endurmat á 24 mánaða fresti. Þegar um þjálfun á vegum endurhæfingarteymis er að ræða fer fram símat á árangri endurhæfingar.

Í 10. gr. reglnanna er að finna ákvæði um gjaldtöku en greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. stuðning við heimilishald og heimsendan mat, samkvæmt gildandi gjaldskrá sem samþykkt er á fundi velferðarráðs árlega, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Undanþegnir gjaldskyldu hvað varðar stuðning við heimilishald eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Samkvæmt 11. gr. reglnanna er stuðningur almennt veittur á dagvinnutíma á virkum dögum. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við nauðsynlegar athafnir daglegs lífs.

Í V. kafla reglnanna eru ákvæði sem lúta að kostnaði vegna stuðnings og ferðafyrirkomulagi, meðferð fjármuna og lykla ásamt vinnuáðstæðum starfsfólks þegar stuðningur er veittur samkvæmt reglunum.

Í VI. kafla reglnanna er að finna ákvæði um málsmeðferð og eru þau ákvæði sambærileg öðrum reglum sem gilda um þjónustu sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir.

Í drögum að reglunum er að finna tvö bráðabirgðaákvæði. Það fyrra lýtur að því að umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 24 mánuði eftir gildistöku reglna þessara eða þar til ákvörðun liggur fyrir. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðning.

### **III. Helstu breytingar**

Núgildandi reglur um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 10. maí 2006 og á fundi borgarráðs þann 18. maí 2006. Í framangreindum reglum er þjónustan skilgreind með eftirfarandi hætti; Aðstoð við athafnir daglegs lífs, aðstoð við heimilishald, aðstoð vegna umönnunar barna og unglunga, félagslegur stuðningur og heimsending matar.

Í drögum að reglum um stuðningsþjónustu hefur auk breytinga á hugtökum bæst við þjálfun endurhæfingarteymis í heimahúsi og aðstoð viðbragðsteymis. Þá er aðstoð vegna umönnunar barna og unglunga nú hluti af reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Helsta breytingin er að í núverandi reglum er markmið með þjónustu að efla umsækjanda til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður. Í drögum að reglum um stuðningsþjónustu er markmiðið gert skýrara og nánar kveðið á um hvernig þetta skal gert. Markmiðið er að styðja og þjálfa notendur sem þurfa á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfir og verið félagslega virkir. Í samræmi við líkamlega, andlega og félagslega líðan og/eða færni notanda er stuðningurinn veittur með leiðbeiningum, þjálfun, eftirliti og aðstoð. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér sjálfur til að ráða við daglegt líf. Með þessu er lögð áhersla á hugmyndafræði endurhæfingar í heimahúsi til að koma betur til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir og nota velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna. Nú er t.d. hægt að styðja notanda til þess að panta nauðsynjavörur frá netverslunum án þess að fara með fjármuni hans og þjálfa hann í að nota sjálfvirkar ryksugur og aðra tækni þannig að hann geti bjargað sér sjálfur með heimilishald.

Þá er það nýmæli að heimilt er nú að veita félagslegan stuðning utan heimilis. Þá miðast stuðningurinn einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félagsstarfi.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til með nýjum reglum felast í því að ríkari áhersla verður lögð á samvinnu við umsækjanda um það hvers konar stuðningi hann þurfi á að halda. Horfið verður frá því að stuðningsþörf sé metin í ákveðinn fjölda klukkustunda, nema þegar um er að ræða almennt heimilishald, svo sem þríf, sem notandi greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá. Ný nálgun er að meta frekar fjölda skipta sem þörf er á stuðningi og er það talið geta mætt stuðningsþörfum umsækjenda betur og veitt meiri sveigjanleika. Þannig getur endurhæfing í heimahúsi átt sér stað oft á dag í stuttan tíma og síðan hætt þegar notandi er orðinn sjálfbjarga. Um er að ræða nauðsynlega breytingu á vinnulagi í samræmi við breyttar áherslur.

Þá er áhersla lögð á að einfalda alla umsýslu varðandi umsóknir og samþykktar umsóknir til hagsbóta fyrir umsækjendur. Haft er samband við umsækjanda að jafnaði innan þriggja virkra daga frá því að umsókn berst og þegar aðstæður krefjast þess, svo sem við útskrift af spítala, er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið.

Í drögum að nýjum reglum um stuðningsþjónustu er kveðið á um að stuðningur sé almennt veittur á dagvinnutíma á virkum dögum. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við nauðsynlegar athafnir daglegs lífs. Félagslegur stuðningur vegna alvarlegra veikinda, s.s. heilabilunar eða langvinnra sjúkdóma, getur verið veittur um kvöld og helgar í samræmi við þarfir heimilisins.

Auk þess er það nýmæli að í reglunum sé kveðið á um að aðstæður á heimilum skuli vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður. Sé öryggi starfsfólks ógnað á heimilinu, t.d. vegna óreglu eða áreitni notanda getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar.

Áherslubreyting er einnig gerð hvað varðar forgangs röðun þar sem meiri áhersla er lögð á að veittur sé stuðningur við athafnir daglegs lífs og félagslegur stuðningur í stað aðstoðar við heimilishald, sbr. fylgiskjal 1 með reglunum.

#### **IV. Umsagnir hagsmunaaðila**

Undirbúningur að drögum að reglunum hefur farið fram á vettvangi starfshópa velferðarsviðs, sem hafa unnið samkvæmt erindisbréfi. Umræður um reglurnar hafa farið fram á samráðsfundum með starfsfólki sem í dag sinnir heimaþjónustu og heimahjúkrun í öllum hlutum borgarinnar og í endurhæfingarteymum þeirra. Formlegt samráð með hagsmunaaðilum hefur farið fram. Drög að reglum voru lögð fram til kynningar á fundi öldungaráðs þann 1. mars 2021. Öldungaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

*„Öldungaráð Reykjavíkur fagnar drögum að reglum Reykjavíkur um almenna stuðningsþjónustu þar sem lögð er áhersla á að styðja og efla notendur á einstaklingsbundinn hátt með það að markmiði að búa sem lengst á eigin heimili og að stuðningurinn nái út fyrir heimilið og þannig rjúfa félagslega einangrun. Mikilvægt er að farið verði gætilega með persónuupplýsingar og að fyllsta öryggis og trúnaðar sé gætt.*



*Öldungaráð lýsir yfir áhyggjum hversu viðtæk 6. gr. reglugerðarinnar er hvað varðar þessar upplýsingar.“*

Fulltrúar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lögðu fram eftirfarandi bókun:

*„Samkv. 6. gr. í drögum að reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu er umsækjandi skyldaður til að heimila þjónustumiðstöðinni að afla fjárhagslegra persónulegra gagna frá Skattinum og Tryggingastofnun. Ekki er hægt að réttlæta slíka kröfu vegna þjónustunnar þar sem hún er ætluð fólki vegna heilsufarslegra ástæðna og er ótengd fjárhagsstöðu fólks. Einu tilvikin sem slíkt gæti verið réttlætanlegt er þegar fólk býr við svo lök kjör að það gæti verið, eins og segir í 10. gr: „Undanþegnir gjaldskyldu hvað varðar stuðning við heimilishald eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.“ Það eru undantekningartilfelli og ætti ekki að gilda almennt um umsækjendur þjónustunnar.“*

Unnið var úr ofangreindum athugasemdum og eftirfarandi tillaga að breytingum á 6. gr. kynnt á aukafundi öldungaráðs þann 3. mars 2021:

*„Með undirritun á umsókn er umsækjandi upplýstur um heimild velferðarsviðs til að afla nauðsynlegra gagna frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu svo hægt sé að afgreiða umsóknina. Ef umsækjandi sækir um undanþágu frá gjaldskyldu vegna stuðnings við heimilishald er hann upplýstur um heimild velferðarsviðs til að afla gagna frá Tryggingastofnun ríkisins og skattyfirvöldum.“*

Öldungaráð lýsti yfir ánægju með breytinguna.

Drögin að reglunum voru ennfremur lögð fram á stjórnarfundum í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni þann 3. mars 2021. Fulltrúar félagsins í Öldungaráði höfðu lagt fram athugasemdir í bókun á fundi ráðsins þann 1. mars 2021 sem tekið hafði verið tillit til á aukafundi ráðsins þann 3. mars 2021. Engar athugasemdir komu fram á stjórnarfundinum af hálfu félagsins.

## **V. Gildistaka**

Lagt er til að reglur um stuðningsþjónustu taki gildi þann 1. febrúar 2022.

# Reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu

## I. kafli

### Almennt um stuðningsþjónustu

#### 1. gr.

##### Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.- 27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

#### 2. gr.

##### Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að leiðbeina, styðja og þjálfa notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfir og verið félagslega virkir. Stuðningurinn byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf.

#### 3. gr.

##### Stuðningur

Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt á grundvelli 1. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Stuðningsþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan heimilis og utan.

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi stuðning:

- a) *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, svo sem við að sinna persónulegu hreinlæti, klæðast/hátta og hafa eftirlit með næringu og lyfjainntöku. Auk þess er stuðningur veittur með skjáheimsóknnum.
- b) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c) *Félagslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félagsstarfi.

- d) *Heimsending matar* er fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir og hafa ekki tækni á að borða í félagsmiðstöðvum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.
- e) *Þjálfun endurhæfingarteymis í heimahúsi* er tímabundin og byggir á þeim markmiðum sem notandi setur sér og eru honum mikilvæg til að ráða við daglegt líf.
- f) *Aðstoð viðbragðsteymis* er veitt á heimilum þar sem verulegrar tiltektar er þörf áður en önnur stuðningsþjónusta getur hafist.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að notandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram gegn skriflegu samþykki notanda.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir. Skal það háð samráði við viðkomandi einstakling.

## **II. kafli**

### **Skilyrði fyrir stuðningsþjónustu**

#### **4. gr.**

#### **Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðningsþjónustu verði samþykkt**

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef um er að ræða stuðning við barnafjölskyldur vísast til reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Ef umsækjandi er fatlaður og hefur mjög sértækar stuðningsþarfir vísast til reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- b) Umsækjandi skal eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.
- c) Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar, sem dveljast á sjúkrahúsi/eru innlagðir á spítala, búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum.
- d) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt 7. gr. reglna þessara.

Umsækjanda skal tilkynnt um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt.

## **III. kafli**

### **Umsóknir og mat**

## **5. gr.**

### **Umsókn**

Sækja skal um stuðningsþjónustu með rafrænum hætti eða á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Umsókn skal undirrituð á sérstakt umsóknareyðublað eða staðfest með rafrænum skilríkjum af hálfu umsækjanda.

Einnig geta beiðnir um stuðning borist rafrænt frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu. Þegar beiðni berst skal starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar hafa samband við viðkomandi og meta þörf á stuðningi.

## **6. gr.**

### **Fylgigögn með umsókn**

Með undirritun á umsókn er umsækjandi upplýstur um heimild velferðarsviðs til að afla nauðsynlegra gagna frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu svo hægt sé að afgreiða umsóknina.

Ef umsækjandi sækir um undanþágu frá gjaldskyldu vegna stuðnings við þrif er hann upplýstur um heimild velferðarsviðs til að afla gagna frá Tryggingastofnun ríkisins og skattyfirvöldum.

## **7. gr.**

### **Mat á stuðningsþörf**

Umsóknir um stuðningsþjónustu eru metnar af móttöku- og matsteymi og haft er samband við umsækjanda að jafnaði innan þriggja virkra daga frá því að umsókn berst. Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda og er það framkvæmt á heimili umsækjanda. Við matið er tekið tillit til markmiða og þarfa umsækjanda fyrir stuðning, líkamlegs og andlegs heilsufars, félagslegrar virkni, styrkleika og félags- og fjölskylduáðstæðna og færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs. Þegar aðstoð við heimilishald er metin og fleiri fullorðnir einstaklingar búa á heimilinu skal matið hvort þeir séu færir um að annast heimilishaldið. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs með tilliti til nýrrar tækni kjósi umsækjandi það. Við mat á stuðningsþörf skal einnig taka mið af mati samkvæmt viðeigandi matstækjum.<sup>1</sup>

Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að þjálfa og styðja umsækjanda til að leita bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs, til þess að hann geti búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf. Við forgangsroðun umsókna skal líta til flokkunar á fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á fundi móttöku- og matsteymis og þar er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er.

---

<sup>1</sup> s.s. COPM mat (Canadian Occupation Performance Measure) og RAI mat (Inter Resident Assessment Instrument-Home Care).

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt af móttöku- og matsteymi er gerð stuðningsáætlun og stuðningur getur hafist.

Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess, s.s. við útskrift af spítala með skömmum fyrirvara, er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið.

Þegar um er að ræða alvarleg veikindi skal stuðningurinn ætíð metinn, skipulagður og samhæfður með fagaðilum heimahjúkrunar í samræmi við þarfir notanda.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður umsækjanda séu ekki með þeim hætti að þörf sé á stuðningi eða umsækjandi sé í þörf fyrir umfangsmeiri stuðning en reglur þessar kveða á um, ber að synja umsókninni.

## **8. gr.**

### **Stuðningsáætlun**

Áður en stuðningurinn hefst skal gert samkomulag um stuðning, þ.e. stuðningsáætlun, með notanda. Stuðningur byggir ætíð á skýrum markmiðum og árangur er metinn reglulega.

Í stuðningsáætlun kemur eftirfarandi fram:

- Markmið notanda með stuðningi og hvernig honum skuli náð.
- Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
- Gildistími samþykktar.
- Notkun lykla.

Stuðningsáætlun skal unnin í samvinnu við notanda. Náist ekki samkomulag um umfang og fyrirkomulag stuðnings skal málinu vísað aftur til móttöku- og matsteymis sem leggur faglegt mat á viðkomandi stuðningsáætlun með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

Móttöku- og matsteymi er skipað fulltrúum frá endurhæfingarteymi, heimahjúkrun og stuðningsþjónustu.

## **9. gr.**

### **Forgangsröðun umsókna**

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara raðast umsóknir í forgangsröð með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda, sbr. fylgiskjal 1 með reglum þessum um forgangsröðun á stuðningsþjónustu.

Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess, forgangsröðun umsóknar hans og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist, með hliðsjón af forgangsröðun.

## **IV. kafli**

### **Framkvæmd**

#### **10. gr.**

##### **Gjaldtaka**

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. fyrir þrif og heimsendan mat samkvæmt gildandi gjaldskrá sem samþykkt er á fundi velferðarráðs árlega, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Heimilt er að sækja um undanþágu frá gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við þrif ef umsækjandi fær aðeins tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

#### **11. gr.**

##### **Hvenær stuðningurinn er veittur**

Almennt er stuðningsþjónusta veitt á dagvinnutíma á virkum dögum. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við nauðsynlegar athafnir dagslegs lífs. Ef um samþætta þjónustu er að ræða getur stuðningur verið veittur að næturlagi í formi innlita frá heimahjúkrun.

#### **12. gr.**

##### **Umfang stuðnings**

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda skipta í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum. Í samræmi við 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er gert ráð fyrir því almenna viðmiði að hámark veittrar aðstoðar geti numi allt að 15 klukkustundum á viku.

Þegar um er að ræða þjálfun endurhæfingarteymis getur stuðningur verið umfangsmeiri og veittur þéttar í skemmri tíma.

#### **13. gr.**

##### **Endurmat**

Þegar færni notanda til að sinna athöfnum daglegs lífs eða félags- og fjölskylduaðstæður breytast skal endurmeta stuðningsþörf. Almennt skal endurmeta þörf fyrir stuðning eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þar sem fyrirsjáanlegt er að þörf fyrir stuðning verði langvarandi, skal fara fram endurmat á 24 mánaða fresti. Þegar um þjálfun á vegum endurhæfingarteymis er að ræða fer fram símat á árangri endurhæfingar.

#### **14. gr.**

##### **Breyttar aðstæður**

Notanda ber að upplýsa þjónustumiðstöð um breytingar á högum sínum sem áhrif kunna að hafa á fyrirbyggjandi mat á þeim. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis og stuðningsáætlun.

## **V. kafli.**

### **Ýmis ákvæði**

#### **15. gr.**

##### **Kostnaður**

Notanda ber að greiða fyrir sjálfan sig allan þann kostnað sem hlýst af því þegar félagslegur stuðningur er veittur utan heimilis. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað hans vegna félagslegs stuðnings. Útlagður kostnaður starfsmanns skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru í stuðningsáætlun.

#### **16. gr.**

##### **Ferðir**

Meginreglan er sú að almenningssamgöngur séu notaðar þegar félagslegur stuðningur er veittur utan heimilis.

#### **17. gr.**

##### **Lyklar notenda**

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili notanda skal lykill geymdur á starfsstöð stuðningsþjónustu. Kveðið skal á um það í stuðningsáætlun og haldin skal skrá yfir notkun lykilsins. Sama gildir um raflása.

#### **18. gr.**

##### **Fjármunir notenda**

Starfsmönnum er óheimilt að fara með fjármuni notenda.

Starfsmanni er hinsvegar heimilt að styðja notanda til þess að panta nauðsynjavörur frá netverslunum án þess að fara með fjármuni hans.

#### **19. gr.**

##### **Vinnuáðstæður**

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Sé öryggi starfsfólks ógnað á heimilinu, t.d. vegna óreglu eða áreitni notanda getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar.

## **VI. kafli.**

### **Málsmeðferð**

sbr. ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

**20. gr.**

**Könnun á aðstæðum**

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hans um stuðningsþjónustu hefur borist. Sama á við ef þjónustumiðstöð berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

**21. gr.**

**Samvinna við umsækjanda**

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við aðstandendur hans eftir því sem við á.

**22. gr.**

**Endurskoðun**

Rétt til stuðningsþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stuðningsþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

**23. gr.**

**Rangar eða villandi upplýsingar**

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

**24. gr.**

**Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur borgarinnar.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.



Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirbyggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu borgarinnar.

#### **25. gr.**

##### **Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

#### **26. gr.**

##### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

#### **27. gr.**

##### **Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvæða í reglum þessum og honum leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

#### **28. gr.**

##### **Heimild áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum**

Um áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi/notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Aðstoð í formi stuðningsþjónustu getur þó hafist á grundvelli ákvörðunar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þó að mál sé til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

### **29. gr.**

#### **Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

### **30. gr.**

#### **Gildistaka**

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í 25.-27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. febrúar 2022. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um félagslega heimþjónustu í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 10. maí 2006 og á fundi borgarráðs 18. maí 2006.

#### **Bráðabirgðaákvæði I**

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 24 mánuði eftir gildistöku reglna þessara, eða þar til ákvörðun liggur fyrir. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurnmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðninginn.

## **Fylgiskjal 1**

### **Forgangsroðun á stuðningsþjónustu**

#### **Flokkur 1**

##### Mjög mikil stuðningsþörf.

Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og/eða færni er með þeim hætti að umsækjandi þarf daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning.

Á einnig við ef umsækjandi hefur verið metinn af Færni- og heilsumatsnefnd fyrir varanlega búsetu á hjúkrunarheimili en er enn búsettur á eigin heimili. Þörf er fyrir mjög mikinn stuðning á meðan beðið er eftir að búseta á hjúkrunarheimili hefjist.

#### **Flokkur 2**

##### Mikil stuðningsþörf.

Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og/eða færni er með þeim hætti að umsækjandi þarf leiðbeiningar, þjálfun, stuðning og eftirlit við athafnir daglegs líf, heimilishald að minnsta kosti einu sinni í viku. Umsækjandi þarf stuðning við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Umsækjandi er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis.

#### **Flokkur 3**

##### Meðal stuðningsþörf

Á við þegar umsækjandi er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis, vegna félagslegrar einangrunar. Markmiðið er að styðja notanda til félagslegrar þátttöku, s.s. í félagsstarfi.

#### **Flokkur 4**

##### Væg stuðningsþörf.

Á við þegar umsækjandi er sjálfbjarga en þarf leiðbeiningar, þjálfun og stuðning við heimilishald s.s. með almennum heimilisþrifum einu til tvisvar sinnum í mánuði.



Lagt fyrir 410. fund velferðarráðs 6. október 2021

VEL2021010040

RÁ/asa/egj

## Kostnaðarmat

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir

---

**Efni:** *Kostnaðarmat vegna reglna Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu*

### Skilgreiningar og afmörkun viðfangsefnis

Nýjar reglur um stuðningsþjónustu taka til einstaklinga sem eru eldri en 18 ára og eru skilgreindir í þörf fyrir stuðningsþjónustu, áður nefnd félagsleg heimaþjónusta. Helsta breytingin í reglum um stuðningsþjónustu sem leiðir til kostnaðarauka er aukin þjónusta fyrir fólk sem býr við félagslega einangrun eða með alvarleg veikindi svo sem heilabilun og býr heima.

Kostnaðarmatinu er ætlað að meta fjárhagsleg áhrif þessara breytinga á stuðningsþjónustuna.

Fjöldi þeirra sem fengu dag-, kvöld- og helgarþjónustu (áður nefnd félagsleg heimaþjónusta) árið 2020 voru 3.568 einstaklingar. Þar af voru 2.822 67 ára og eldri. Fjöldi einstaklinga sem fékk þjónustu og eru yngri en 67 ára og með fötlunargreiningu voru 470. Eftir breytingarnar munu þeir fá þjónustu samkvæmt reglum um stoð- og stuðningsþjónustu. Þróun í íbúafjölda og aldurssamsetning skiptir máli þegar þjónustu- og fjárförf er metin. Eldri borgarar eru ört stækkandi þjóðfélagshópur á Íslandi og því fjölgar einnig þeim sem þurfa á félagslegri heimaþjónustu að halda. Samkvæmt spá Hagstofu Íslands um þróun mannfjölda á Íslandi á árunum 2022-2026 er gert ráð fyrir að öldruðum á Íslandi fjölgi um rúmlega 17% á þessum árum. Sé miðað við sömu fjölgun aldraðra í Reykjavík yfir þetta tímabil þá mun þeim sem nýta sér félagslega heimaþjónustu fjölga um rúmlega 153 einstaklinga að meðaltali á ári eða um 3,5%. Heildarkostnaður við þessa aukningu er metinn á 68 m.kr. á árinu 2022 og að meðaltali 69 m.kr. á ári á árunum 2023-2026 eins og fimm ára áætlun sviðsins sýnir fram á.

Heildarfjárhagsrammi félagslegrar heimaþjónustu skv. áætlun fyrir árið 2021 er 2.248 m.kr. Undir þjónustubáttinn fellur öll félagsleg heimaþjónusta dag-, kvöld- og helgarþjónusta ásamt hlut félagslegrar heimaþjónustu í beingreiðslusamningum.

## Aðferð og nánari útskýringar

Við gerð kostnaðarmats vegna nýrra reglna Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu er fjárhagsáætlun 2021 lögð til grundvallar. Fjárheimild ársins 2021 vegna félagslegrar heimaþjónustu fyrir ófatlaða einstaklinga nemur 1.276 m.kr. eða 57% af heildinni. Heildarfjöldi vinnustunda í félagslegri heimaþjónustu á árinu 2020 voru 225.640. Þar af voru 57% vinnustunda vegna einstaklinga 18 ára og eldri án fötlunargreininga eða 128.061 stundir.

**Tafla 1: Fjárheimild ársins 2021, fjárhæðir í þús.kr.**

Þjónusta	
Heimaþjónusta - dagþjónusta	1.790.000
Heimaþjónusta - kvöld og helgar	459.000
<b>Samtals fjárheimild 2021</b>	<b>2.249.000</b>
Ekki fötlun - hlutfall vinnustunda	57%
<b>Ófatlaðir - fjárheimild 2021</b>	<b>1.276.000</b>

Að meðaltali voru ófatlaðir einstaklingar, 18 ára og eldri að fá 5,2 klukkustundir á mánuði í heimaþjónustu á árinu 2020.

Fjöldi notenda á mánuði á árinu 2020 var að meðaltali 2.061 og meðal mánaðarlegar vinnustundir 10.672.

## Helstu breytingar sem hafa í för með sér aukinn kostnað

Allir fatlaðir einstaklingar 18 ára og eldri munu fá þjónustu á grundvelli nýrra reglna um stoð- og stuðningsþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Óháð því hvort þeir hafa áður fengið meira eða minna en 15 tíma á viku. Almennt viðmið í lögum er allt að 15 tímar á viku í grunnþjónustu. Ef allir einstaklingar væru metnir í þörf fyrir 15 tíma þjónustu á viku gæti kostnaðaraukinn numið 7,4 ma.kr.

Reglurnar kveða á um að þegar um er að ræða alvarleg veikindi s.s. heilabilun eða langvinna sjúkdóma og aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi býr heima er heimilt að veita félagslegan stuðning í eitt til tvö skipti í viku í 2-3 klst í senn.

Flokkur 3 í forgangs röðun stuðningsþjónustu er nýr flokkur sem hér kemur inn og varðar annarsvegar einstaklinga sem eru félagslega einangraðir og hins vegar einstaklinga sem eru með heilabilun sem búa í heimahúsum en þurfa á viðveru að halda til að létta undir með maka/aðstandendum.

Samkvæmt nýjum reglum er flokkur 3 í forgangs röðun á stuðningsþjónustu nokkuð óþekkt stærð. Til að nálgast viðfangsefnið nánar er tekið dæmi um íbúa í þjónustuíbúðum á vegum velferðarsviðs, sem eru tæplega 400 talsins. Talið er að um 10% þeirra búi við alvarlega félagslega einangrun að einhverju leyti. Má því ætla að um 40 einstaklingar hafi þörf á félagslegum stuðningi. Miðað við 5,2 klukkustunda

stuðning á mánuði eru það 12,4 m.kr. kostnaður á ári. Auk þess geta einstaklingar verið að fá viðbótartíma vegna aðstoðar við heimilishald.

Í kostnaðargreiningu er miðað við að þjónustupörf hvers notanda verði um 5,2 vinnustundir að meðaltali í mánuði hverjum, eða óbreytt frá fyrri reglum.

**Tafla 2: Fjöldi notenda stuðningsþjónustu í flokki 3 (Félagslega einangraðir), fjárhæðir í þús.kr.**

Fjöldi notenda	Fjöldi vinnustunda á mánuði	
	5	15
20	6.214	18.000
40	12.429	36.000
60	18.643	54.000
80	24.857	72.000
100	31.072	90.000

Hins vegar í kostnaðarmati notenda með heilabilun er verið að horfa til þess að hver notandi hafi þörf á milli 8 til 24 tíma stuðningi á mánuði. Sjá útreikninga á ársgrundvelli í töflu hér að neðan. Ekki er vitað með vissu fjölda heilabilaðra í heimahúsum á Íslandi í dag. Gróflega er áætlað að um 100 einstaklingar hafi þörf fyrir frekari þjónustu en veitt hefur verið hingað til. Kostnaður gæti numið allt að 144 m.kr. árlega.

**Tafla 3: Fjöldi notenda stuðningsþjónustu í flokki 3 (heilabilaðir), fjárhæðir í þús.kr.**

Fjöldi notenda	Fjöldi vinnustunda á mánuði	
	8	24
20	9.600	28.800
40	19.200	57.600
60	28.800	86.400
80	38.400	115.200
100	48.000	144.000

### **Stuðningsþjónusta** (*viðbragðsteymi heimaþjónusta*)

Viðbragðsteymi heimaþjónustu mun starfa með sama hætti þvert á borgina. Ekki er gert ráð fyrir neinni kostnaðaraukningu vegna þessara reglna. Um er að ræða sameiginlegt þjónustuteymi heimaþjónustu og stuðningsþjónustu samtals 3 stöðugildi.

### **Niðurstaða**

Fjárheimild ársins 2021 nemur 1.276 m.kr. en ef hver einasti núverandi notandi yrði metinn í 60 klst. hámarksstuðning yrði kostnaðurinn rúmir 7 ma.kr.

Samhliða reglubreytingunum leggur skrifstofa fjármála og rekstrar til að breyting verði gerð á fjárhagslíkani sviðsins svo að þjónusta vegna stuðningsþjónustu fyrir 2.000 notendur verði sér þjónustupáttur. Skipta þarf fjárheimild, sem fellur undir núverandi skipulag þ.e. þjónustupáttinn félagslega heimaþjónustu, á milli stuðningsþjónustu fyrir

eldri borgara, stuðningsþjónustu fyrir fatlaða einstaklinga og þann hluta félagslegrar heimaþjónustu er fellur undir beingreiðslusamninga fyrir fatlaða einstaklinga. Fimm ára áætlun sviðsins fyrir árin 2022 – 2026 tekur mið af kostnaðarauka vegna reglubreytinganna.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	11. maí 2021
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Berglindi Magnúsdóttur
Verkefni/tillaga:	Tillaga að reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu
Þjónustubáttur:	Stuðningsþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	Heimaþjónusta í Efri byggð, Miðbyggð og Vesturbyggð.
Fjárhæð:	36 m.kr. á ári
Annað:	

### Jafnréttisskimun:

#### Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Markmiðið með nýjum Reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu að aðlaga reglur Reykjavíkurborgar að breytingar á lögum félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, og nýjum lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

#### Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Já, tillagan snýr að þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda óháð kyni. Reglurnar lúta að öllum sem þurfa á stuðningsþjónustu að halda að undanskildu fötluðu fólki sem fær hana samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og barnafjölskyldum sem fá hana samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

#### Hvaða hópa snertir tillagan?

Þeim sem þurfa stuðning vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda.

#### Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Breytingarnar snerta bæði einstaklinga og fjölskyldur og öll kyn.

#### Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup>

Nei.

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.